

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 31. október 2023, auglýsing á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis fyrir tímabundna skiptistöð Strætó.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing að breytingu á deiliskipulagi vegna Skúlagötusvæði - Skúlagata, birtist í Morgunblaðinu fimmtudaginn 2. nóvember 2023. Tillagan er í kynningu frá 2. nóvember 2023 til og með 14. desember 2023. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgátt.is. Sjá eftirfarandi slóð: www.skipulagsgatt.is

Skúlagötusvæði - Endastöð strætó - Skúlagata

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 4. október 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 12. október 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis fyrir tímabundna skiptistöð Strætó. Í breytingunni sem lögð er til felst að byggingarreitir fyrir þjónustu eru felldir út og afmarkað er svæði fyrir skiptistöð Strætó þar sem komið verði fyrir biðstöðvum ásamt strætóskýlum. Auk þess er afmarkaður byggingareitur fyrir aðstöðuhús starfsmanna Strætó. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá **2. nóvember 2023 til og með 14. desember 2023**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 14. desember 2023**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillögurnar er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.

mkv.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Virðing fyrir umhverfinu
Fagmennska í hverju verki
Þjónusta við samfélagið

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarhvítu ef nauðsyn krefur.